

7. fundur Umhverfisnefndar kjörtímabilið 2022-2026 haldinn 14. September kl. 17:30

Mætt: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Ásta Rún Jónsdóttir, varamaður Bjarna Arnars Hjaltasonar.

FUNDARSTAÐUR: HUPPUSALUR

DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024.
2. Drög að erindisbréfi.
3. Stækkun á landgræðslugirðingu á Hrunamannafrétti.
4. Umferðaröryggismál í Hrunamannahreppi.
5. Áætlun og samningur varðandi refaveiðar.
6. Starfsmaður úrgangsmála í Hrunamannahreppi.
7. Erindi frá Sigurði H. Magnússyni varðandi Kerfil.
8. Ársfundur náttúruverndarnefnda 2023.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust.

1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri fór yfir stöðu fjármála fyrir árið 2023, tengd málaflokkum sem eru á borði nefndarinnar. Staðan er góð og á einhverjum lyklum er fjármagn sem hægt er að nýta til verkefna fram að áramótum.

Farið var yfir tillögur til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2024.

Nefndin vill leggja áherslu á að eftirfarandi atriðið verði skoðuð :

Nauðsynlegar lagfæringar á móttökustöð á Flatholti og grenndarstöðvum í samræmi við tillögur sem koma fram við vinnu sem er að hefjast við greiningu á málaflokknum.

Hugað verði að því að koma göngubrú yfir Litlu-Laxá fyrir neðan Hofatún.

Farið verði í átak í lagfæringum í Lækjargarðinum , göngustígar bættir, viðhald á göngubrúum og sett verði upp fleiri leiktæki og afþreyingartæki í garðinum.

Átak í eyðingu á njóla og kerfli

Grisja skóginn á Högnastaðaásnum og gera útivistarsvæðið aðgengilegra.

Átak í hreinsun og tiltekt við fyrirtæki og sveitabæi.

Göngubrú yfir Litlu-Laxá yfir í Grafarhverfi.

Huga þarf að tryggja betur öryggi gangandi vegfarenda yfir Litlu-Laxárbrúnna.

Ruslaílát við opin svæði og gönguleiðir.

2. Drög að erindisbréfi

Aldís fór yfir drög að erindisbréfi fyrir Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindisbréfið verði samþykkt með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

3. Stækkun á landgræðslugirðingu á Hrunamannafrétti.

Farið var yfir drög að samningum milli Hrunamannahrepps, Landgræðslunnar og landeigenda í Tungufelli um stækkun landgræðslugirðingar/Gullfossgirðingar á Hrunamannafrétti. Nefndi lýsir yfir ánægju sinni með stækkunina. Fyrir lá mynd með hugmyndum að girðingarstæði. Nefndin hvetur sveitarstjórn til að hugað verði að því að girðingarstæðið verði gott og að sem minnstur viðhaldskostnaður falli til á hverju ári.

4. Umferðaröryggismál í Hrunamannahreppi

Farið yfir erindi frá Verði, tryggingarfélagi Hrunamannahrepps, Erindinu var vísað til nefndarinnar frá sveitarstjórn.

Nefndin ítrekar fyrri bókun um málið sem gerð var á fundi nefndarinnar 22.nóv 2022. Þar sem nefndin leggur til að gert verði átak í að setja upp hraðaskilti og aðrar merkingar sem auka umferðaröryggi. Einnig að finna leiðir til að lækka umferðarhraða í Flúðahverfinu.

Samkvæmt samþykkt frá 8.júní 2011 er 30 km hámarkshraði í íbúagötum á Flúðum. Einnig leggur nefndin til við sveitarstjórn að kannað verði sérstaklega hvort hægt er að lækka hámarkshraða á Langholtsveginum við leik/grunnskóla og íþróttahús.

5. Áætlun og samningur varðandi refaveiðar

Farið yfir samning milli Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps þar sem m.a kemur fram endurgreiðsla til sveitarfélagsins frá Umhverfisstofnun. Endurgreiðslan sem um ræðir er einungis hluti þess kostnaðar sem sveitarfélagið leggur til refaveiða. Jafnframt var farið yfir þriggja ára áætlun um refaveiðar sem Umhverfisstofnun hefur unnið.

Umhverfisnefnd hvetur sveitarstjórn til að samþykkja samninginn og jafnframt að vinna að áætlun um refaveiðar í samvinnu við sveitarfélögin í kringum okkur.

Nefndin hvetur bændur og aðra íbúa að vera dugleg að tilkynna til Umhverfisstofnunar það tjón sem sannarlega hlýst að refum í sveitarfélaginu.

Nefndin leggur til að birt verði klausa um efnið í Pésanum.

6. **Starfsmaður úrgangsmála í Hrunamannahreppi.**

Kynnt starfslýsing fyrir yfirmann eignarsjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála. Nefndin fagnar því að það verði ráðinn starfsmaður inn í verkefni úrgangsmála. Næg verkefni eru í þeim málaflokk sem þarf að sinna.

7. **Erindi frá Sigurði H. Magnússyni varðandi kerfil.**

Farið var yfir erindi frá Sigurði H. Magnússyni. Erindinu var vísað til nefndarinnar frá sveitarstjórn. Í erindinu hvetur Sigurður sveitarfélagið til að taka yfir það verk sem þeir bræður hafa unnið fyrir sveitarfélagið að eyða kerfli. Umhverfisnefnd vill byrja á því að þakka þeim bræðrum fyrir mikið og gott starf við eyðingu kerfils meðfram vegum sveitarinnar. Umhverfisnefnd tekur undir þá nauðsyn að ráðast verði í átak í að eyða ágengum tegundum og að sveitarfélagið taki við keflinu af þeim bræðrum og sjái um eyðingu á kerfli.

8. **Ársfundur náttúruverndarnefnda 2023**

Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og forstöðumanna náttúrustofa verður haldinn 12.okt n.k. á Ísafirði og einnig er boðið uppá fjarfund. Samþykkt að einn fulltrúi frá nefndinni taki þátt á fjarfundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:45
Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir